Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Jón Bjarnason

Bjarni Benediktsson – Jón Bjarnason

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmálamaðurinn

Askja 2-8, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórshöfn 18. Júní 1942.

Herra
borgarstjóri Bjarni Benediktsson
Reykjavík

Kæri vinur.

Þjer leiðist auðvitað þetta ónæði sem jeg er alltaf að gera þjer, enda veit jeg, að þú hefur mikið að hugsa og starfa fyrir land þitt og þjóð.

Jeg heyri sagt að bærinn ætli að láta byggja bústaði 2 herbergi og eldhús, og ætli svo að leigja út, eða jafnvel selja. – Nú vildi jeg biðja þig <u>í tíma</u>, að hugsa til mín, hvort sem það yrði leigt <u>eða selt</u> – og þó það verði ekki til, fyr en næsta haust. Minsta kosti mundir þú gera svo vel að lofa mjer að vita hvernig þetta væri, Og ef til kæmi, að jeg gæti þá fengið það á góðum stað helst

~~me~~ð sólarherbergi. Jeg heyri sagt, að bygt verði á melunum sem er góður staður. – Orðlengi þetta ekki, en bið þig gera svo vel að hugsa til mín, og lofa mjer að vita þegar þitt mesta annríki er búið.

Hjeðan engar frjettir. Jeg held það hafi verið vel ráðið að fá Benedikt sem gamlan bændaflokksmann til að bjóða sig hjer fram, þó auðvitað alt sje vonlaust.

Með bestu kveðju.

Þinn einl.

Jón Bjarnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur